

Hálf dán H. Helgason
Fransentret, Hjalmar Johansens gt. 14
9296 Tromsø
Norway



Reykjavík 21. maí 2015
UST201502-664/M.I.K.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á friðlýstum svæðum – viðbót við bréf dagsett 17. apríl 2015

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Norwegian Polar Institute og fleiri þar sem óskað er eftir leyfi til að stunda rannsóknir á hvítmáfum í Melrakkaey við Snæfellsnes.

Lýsing framkvæmdar:

Fara á út í Melrakkaey 3-4 sinnum á tímabilinu 15. maí – 30. júní 2015 og á sama tímabili árið 2016. Tilgangur fararinnar í Melrakkaey er að nálgast hvítmáfa í þeim tilgangi að setja á þá GLS búnað þannig að hægt sé að fylgjast með ferðum þeirra yfir vetrartímam. Einnig verða tekin blóðsýni úr fuglunum og fjaðrir til rannsókna.

Fuglarnir verða handsamaðir með aðferð sem hefur reynst vel við sambærilegar rannsóknir á Svalbarða. Þeir sem munu handsama fuglana hafa reynslu af slíku þannig að atburðurinn valdi sem minnstri truflun fyrir fuglinn.

Rannsóknin er hluti af alþjóðlegu verkefni, SEATRACK, þar sem m.a. er unnið að kortlagningu á ferðum sjófugla að vetri til um Norður-Atlantshaf.

Gengið verður um eyna og engin farartæki notuð í henni.

Áhrifamat:

Mat Umhverfisstofnunar er að röskun á svæðinu vegna framangreindra rannsókna sé óverulegt. Óskað var eftir álit frá Náttúrufræðistofnun vegna rannsóknarinnar og áhrifa á hvítmáfinn. Gerir hún ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til þeirra rannsókna sem sótt er um. Umhverfisstofnun heimilar því fyrir sitt leyti ofangreinda rannsókn með eftirfarandi skilyrðum.

Skilyrði:

Melrakkaey er friðlýst skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 118/1974. Þess er vænst að allir í leiðangrinum kynni sér vel þær reglur sem um friðlandið gilda og að dýralíf verði ekki truflað meira en nauðsyn ber til. Upplýsingar um friðlandið er að finna á vef Umhverfisstofnunar, <http://ust.is/einstaklingar/nattura/friðlyst-svaedi/vesturland/melrakkaey/>.

- Leyfið gildir fyrir tímabilin 15. maí-30. júní árin 2015 og 2016.
- Leyfishafi skal hafa bréf þetta meðferðis á meðan rannsóknir hans standa yfir á svæðinu.
- Frávik frá ofangreindri verkefnislýsingu skal tilkynna til Umhverfisstofnunar.
- Sýnafjöldi og magn skal takmarkaður við ofangreinda rannsókn.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá án endurgjalds eintak af öllum skýrslum og vísindagreinum umsækjenda sem fjalla um rannsóknir innan svæðisins.

Eftirlit


Umhverfisstofnun mun ekki hafa sérstakt eftirlit á staðnum með rannsókninni.


Viðbót 19. maí 2015

Þann 18. maí barst Umhverfisstofnun ósk um viðbót við ofangreinda rannsókn. Rannsóknaraðilar hafa áhuga á að gera sambærilega rannsókn á toppskarf. Óskað er eftir leyfi fyrir 20 loggerum, sömu gerðar og setja á út á hvítmáfana og er þessi hluti verkefnisins að öllu leiti sambærilegur við hvítmáfshlutann nema það að öllum líkindum verður ekki tekið blóð úr toppskarfinum.

Óskað var eftir áliti frá Náttúrufræðistofnun vegna rannsóknarinnar og áhrifa á toppskarfinn. Gerir hún ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til þeirra rannsókna sem sótt er um. Umhverfisstofnun heimilar því fyrir sitt leyti ofangreinda rannsókn með sömu skilyrðum og áður auk þess sem óskað er eftir því að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði upplýstur um fyrirhugaðar ferðir út í eyna.

Virðingarfyllst,


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður